

Skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar
2. fundur 2020 (95. fundur)
EBj/

Fundur haldinn í skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar 04.05.2020 kl. 08:15 í Flugstöð Leifs Eiríkssonar.

Viðstaddir:

Guðmundur Björnsson	formaður skipulagsnefndar
Einar Jón Pálsson	skipulagsnefnd
Kristinn Halldórsson	"
Guðlaugur H. Sigurjónsson	"
Steinþór Einarsson	"
Eiríkur Bjarnason	ritari skipulagsnefndar
Sveinn Valdimarsson	skipulagsfulltrúi
Skúli Lýðsson	Húsnæðis- og mannvirkjastofnun

- 1. Umsögn vegna fyrirspurnar Isavia um matskyldu vegna gerðar akbrauta flugvéla**
Lagt var fram erindi Isavia til Skipulagsstofnunar, dags. 8. apríl 2020, varðandi fyrirspurn til Skipulagsstofnunar um matskyldu vegna gerðar akbrauta flugvéla samsíða flugbrautum 11/29 og 01/19. Einnig er fyrirhugað að lengja Nóvember akkraut til vesturs.

Ennfremur var lagt fram erindi Skipulagsstofnunar til skipulagsnefndar Keflavíkurflugvallar, dags. 14.03.2020, þar sem óskað er eftir umsögn nefndarinnar um framangreint erindi Isavia.

Lögð var fram og samþykkt eftirfarandi tillaga skipulagsfulltrúa að umsögn til Skipulagsstofnunar um erindi Isavia. Í tillögunni er í rökstuddu máli komist að þeirri niðurstöðu að umræddar framkvæmdir séu ekki matskyldar.

Lagt var fram erindi Skipulagsstofnunar, dags. 14. apríl 2020, þar sem óskað er eftir umsögn skipulagsnefndar Keflavíkurflugvallar um gerð akbrauta fyrir flugvélar á Keflavíkurflugvelli en Isavia hefur sent tilkynningu til Skipulagsstofnunar í samræmi við lög um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000.

Í erindi Isavia segir: Fyrirhugað er að byggja tvær nýjar samhliða akbrautir fyrir flugvélar (e. taxiways). Annars vegar akbraut sem verður samsíða flugbraut 11/29 og Nóvember akbraut. Hinsvegar akbraut sem er samsíða flugbraut 01/19 og Echo akbraut. Einnig stendur til að lengja Nóvember akbraut til vesturs til að bæta aðgengi að geymslusvæðum og flugbraut 11.

Varðandi hvort og á hvaða forsendum framkvæmdin skuli háð mati á umhverfisáhrifum að teknu tilliti til 2. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum er það mat skipulagsnefndar Keflavíkurflugvallar að umræddar framkvæmdir hafi ekki í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif vegna umfangs, eðlis eða staðsetningar. Staðsetning er

á svæði sem ætlað er fyrir flugstarfsemi og samræmist því áætlaðri landnotkun og er að nokkru leyti á þegar röskuðu svæði. Einar skráðar fornminjar (nr.487) eru í um 200 m fjarlægð frá miðlíu akbrautar á vestasta framkvæmdasvæðinu og ættu ekki að vera á áhrifasvæði hennar en engin önnur menningarverðmæti eru þekkt á því svæði sem fer undir framkvæmdir og svæðið er ekki verndarsvæði vegna náttúru, vatnsverndar eða annars. Framkvæmdin er í samræmi við verkefni sem Isavia hefur undirbúið undanfarið m.a. m.t.t. umhverfismats og vísast þar m.a. í frummatsskýrslu sem kynnt var nefndinni í febrúar 2019 og ekki var gerð athugasemd við.

Skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar telur að gerð akbrauta sé liður í því að auka afköst flugvallarins, framkvæmdin ein og sér er e.t.v. ekki afkastaaukandi en þó einn hluti margra framkvæmda sem samanlagt auka afköst flugvallarins og þeirrar þjónustu sem á flugvællinum er. Skipulagsnefndin leggur til að áhersla verði lögð á við framkvæmdina að jarðvegsefni sem upp koma við framkvæmdina verði sem mest notuð næst þeim stað þar sem þau eru tekin upp og að lögð verði áhersla á að ganga fljótt frá opnum sárum í landi með sáningu eða öðru slíku. Niðurstaða skipulagsnefndar Keflavíkurflugvallar er því að ekki er talin þörf á umhverfismati vegna framkvæmdarinnar að teknu tilliti til 2. viðauka í lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum.

Skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar telur að áætluð framkvæmd sé í samræmi við gildandi aðalskipulag Keflavíkurflugvallar og telur að nægjanlega sé gerð grein fyrir framkvæmdinni, umhverfi hennar, mótvægisáðgerðum og vöktun en leggur þó áherslu á að matsáætlun vegna stækkunar Keflavíkurflugvallar verði unnin áfram og verði tekið tillit til þessarar framkvæmdar m.a. þegar vöktun svæðisins verður ákveðin.

Skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar telur að framkvæmdin hvort sem hún verður unnin í einum eða fleiri áföngum sé háð framkvæmdaleyfi skipulagsnefndar Keflavíkurflugvallar skv. 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010

Skipulagsnefndin samþykkti umsögnina eins og áður segir og verður hún send Skipulagsstofnun sem umsögn nefndarinnar um erindi Isavia.

2. Fálkavöllur 3 – Deiliskipulag. Grenndarkynningu lokið

Lagt var fram erindi frá EAK ehf lóðarhafa Fálkavallar 3 varðandi stækkun byggingar á lóðinni um 90 m². Nýtingarhlutfall eykst úr 0,15 í 0,18 með fyrirhugaðri stækkun.

Vegna samkomubanns vegna Covid 19 veirunnar hafði skipulagsnefndin ákveðið á samráðsfundi með tölvupóstum að fram færi grenndarkynning vegna erindisins sem náí til Fálkavallar 2 í eigu Olíss og Fálkavallar 1 í eigu Isavia.

Engar athugasemdir bárust við kynningunni.

Skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar samþykkti hið breytta skipulag.

3. Fyrirspurn Isavia vegna vegar (Aðalgötutorg – viðbygging austan FLE) og bráðabirgðabyggingar austan FLE

Lagt var fram erindi Isavia, dags. 11.03.2020, þar sem óskað er eftir viðbrögðum skipulagsnefndar Keflavíkurflugvallar við hugmyndum um gerð vegar frá Aðalgötutorgi að viðbyggingu austan Flugstöðvar. Á sama hátt er óskað eftir viðbrögðum við

hugmynd um gerð 1.500 m² bráðabirgðabyggingar á stæði 6. Spurst er fyrir um hvort hugmyndir þessar rúmist innan skipulags flugvallarsvæðisins.

Vegna samkomubanns vegna Covid 19 veirunnar hafði skipulagsnefndin ákveðið á samráðsfundi með tölvupóstum að senda Isavia greinargerð um málið, dags. í mars 2020, þar sem nefndin lýsti sig jákvæða gagnvart vegarlagningunni en hún samræmdist ekki gildandi skipulagsáætlunum og þyrfti því að setja máli í viðeigandi ferli ef framhald yrði á. Sama gildir um bráðabirgðabygginguna að hún samræmist ekki gildandi skipulagi. Breyting á deiliskipulagi vegna bráðabirgðabyggingarinnar gæti tekið minnst 6 mánuði.

4. Svæðisskipulag Suðurnesja 2008 - 2024

Lögð var fram fundargerð 22. fundar Svæðisskipulagsnefndar Suðurnesja sem haldinn var 24.03.2020. Þar kemur fram að samþykkt var að hefja endurskoðun svæðisskipulagsins vegna margvíslegra breytinga á mikilvægum forsendum skipulagsins.

5. Gámar á keflavíkurflugvelli – fyrirspurn á síðasta fundi skipulagsnefndarinnar

Lagt var fram svar frá Jóni Ben Einarssyni, sviðsstjóra skipulags- og umhverfissviðs Suðurnesjabæjar, dags. 27.04.2020, þar sem hann gerir grein fyrir stöðuleyfum sem hafa verið í gildi fyrir gáma á Keflavíkurflugvelli. Flest leyfin eru útrunnin eða við það að renna út.

Skipulagsfulltrúa var falið að ræða við byggingarfulltrúa Suðurnesjabæjar um málið.

6. Næsti fundur

Næsti fundur skipulagsnefndarinnar er fyrirhugaður 8. júní 2020 kl. 08:15 í FLE.

Fleira ekki gert, fundi slitið.

Slóð á sharepoint síðu skipulagsnefndar:

https://verk.isavia.is/skipulagsnefnd/_layouts/15/start.aspx#/SitePages/Home.aspx